

Fundur 11.12.2023 Marteinn Luther King.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið. Sæll.*

Æfinlega er það góð orkan sem fylgir ykkur og fannst mér margt ósagt er ég kom til ykkar síðast í sambandið og vildi reyna að ljúka því.

Nú líður að hátíð þeirri hjá ykkur sem er okkur einnig mjög dýrmæt og finn ég æfinlega líkamsstyrk minn og andlegan styrk endurnýjast og endurnærast á þessari árstíð og höfum við ekki sleppt tökunum á gömlu trúnni.

Og er það nú eitt að því sem ég vildi ræða um við ykkur hér í kvöld og ekki veittist tími til að fara út í síðast þegar ég var í sambandinu, að hér á mínum hnetti eru vandamál þessu tengd og kann vel að vera að það sé rétt sem ég hef heyrt af mínum gamla heima hnetti, ykkar sama frumlífs hnetti og ég átti eitt sinn, að svipuð séu vandamálin hjá ykkur, að upp sé að renna meiri upplausnar öld heldur en ríkti áður fyrr.

Og verð ég nú fyrst í upphafi að hreykja mér af því að miklir gæfu tímar hafa verið á mínum hnetti og okkar hnetti alveg síðan ég kom hér fyrst í líkama sem ekki hafði mótast og varð það mér allt framandi og upplifði það í fyrsta sinn og frétti ég einnig af því að gott hafði ástandið verið um langt skeið þar á undan.

En eru hér margvísleg vandamál farin að láta á sér kræla og eru þau síst að minnka, og eitt af því sem háværar raddir eru um innan þessa samfélags er, að fjölmennir hópar þeirra sem eru orðnir ráðsettir og hafa lengi átt sér margvísleg áhugamál og fræðisvið á þessum hnetti okkar, vilja fremur taka upp trúna á okkar gömlu Guði og Gyðjur í heimalandinu, en trúna á Jahve hinn austræna, sem ég held mig við enn þá.

Tala ég að vísu aðeins sem gestapredikari á trúarlegum samkomum og kristilegum á þessum hnetti, en er mér æfinlega vel tekið og fæ gott hljóð og jafnvel lófaklapp eftir ræður mínar og nota þá gjarnan vel þekkt orðalag.

En hin seinni ár hefur borið meira á mótmælum og minna þau á margvíslegar deilur sem ég átti á frumlífs hnetti mínum við aðra trúaða menn og veraldlega leiðtoga og baráttu fólk.

Og hefur hér einnig borið á því að efnahagsástand það sem var gott í öllum okkar löndum eða flestum, hefur eitthvað farið að versna og eru ástæðurnar fyrir því sennilega margvíslegar.

En ekki má gleyma því að spilling innan kirkjunnar er talin vera farin að aukast og hafa hneykslismál margvísleg komið upp á yfirborðið og hefur það átt þátt sinn í því að stórir hópar sækja í gömlu trúarbrögðin frá heimalandi okkar.

Kemur það niður á orkunni og samstillingunni, er ég sakaður um að vera handbendi og þjónn framandi trúarbragða og ykkar menningar og kynstofns, en svo eru margir sem vilja halda í friðinn vegna þess að við eigum í samskiptum við aðrar þjóðir og aðra framlífs hnetti og aðrar stjórnusambandsstöðvar þar sem nokkurs konar alheims ráð koma sér saman og vinna saman að sameiginlegum vandamálum og lausnum og viljum við ekki missa tengslin við þau.

En er það flókið mál vegna þess að forfeður okkar hafa einnig myndað með sér góð sambönd og framfara hnetti og höfum frétt af margvíslegum helstefnu ráðagerðum Jahves einnig.

En er það flókið mál að fara út í, en var mér tjáð það að framvindan í mínu gamla landi Ameríku myndi verða mjög úrslita rík, hvað varðar það hvort betri eða verri stefna sigrar á ykkar hnetti og fylgist ég því grannt með því.

Og við erum sífellt að læra og skilja atburðarrásina, já ég finn að orkan er farin að minnka en vildi ég segja við íslensku þjóðina að ég þakka fyrir, hef heyrt gott af ykkur eitt, að þið séuð gott fólk og fordómalaust, sem hafið ekki ástundað þræla hald.

Nafn mitt er Martinn Luther King.

*Já vertu velkominn, þú hefur komið áður.*

Já,

*Þú ert alltaf velkominn.*

Já þakka ég kærlega fyrir, er hér margt ósagt en þetta verður að nægja í bili, þakka ég fyrir góðan fund og þykir mér vænt um að hafa komið þessu á framfæri og mun það kannski tengjast einhverju sem aðrir segja frá.

Hef ég ekki komið inn á þessi vandamál en reynum það kannski síðar, vil ég gjarnan halda tengslum og senda orku.

Verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu blessaður og sæll.*

*Þakka þér fyrir og vertu velkomin aftur.*

Já takk fyrir.